

# Fornleifaskráning í Hvestu

vegna tilvonandi virkjunarframkvæmda

Ragnar Edvardsson

Bolungarvík 2019

|                                    |    |
|------------------------------------|----|
| Inngangur .....                    | 3  |
| Tilgangur fornleifaskráningar..... | 3  |
| Aðferðafræði .....                 | 4  |
| Skrá yfir minjastaði .....         | 5  |
| Niðurstöður.....                   | 8  |
| Kort.....                          | 9  |
| Heimildaskrá .....                 | 12 |

## Inngangur

Að beiðni Birkis Þórs Guðmundssonar fyrir hönd Jóns Bjarnasonar bónda á Fremri Hvestu tók Ragnar Edvardsson að sér að skrá minjar í landi jarðarinnar Fremri Hvestu vegna deiliskipulags. Fornleifaskráning var gerð fyrir Fremri Hvestu árið 2007 vegna fyrirhugaðrar Olúfhreinsunarstöðvar og liggur sú skráning til grundvallar fyrir þessa skráningu.

Áætlað er að byggja viðbót við þá virkjun sem þegar er fyrir í Fremri Hvestu og fyrirhugað er að reisa nýja virkjun í Hvestuá, neðan virkjunar í Þverá og Hvestuá. Byggð verður stífla í Hvestuá neðan bæjarhlaðs Fremri Hvestu og stöðvarhús sem verður 350 metra neðan neðan stíflunnar vestan megin (mynd 1)

## Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifakönnun felur í sér að skipulega er farið yfir fyrirfram ákveðið svæði með fornleifafræðilegri aðferðafræði, í þeim tilgangi að staðsetja þekktar eða óþekktar fornminjar. Fornleifakönnun getur farið fram bæði á sjó eða landi og er aðferðafræðin í grunninn sú sama. Á fyrsta stigi fornleifakönnunar er venjulega farið yfir ýmsar heimildir, m.a. sagnfræðileg rit, skjöl, kort, loftmyndir, osfrv., sem geta gefið til kynna staðsetningu fornminja. Við vettvangsathuganir er notast við ýmskonar fjarkönnunarbúnað á landi, t.d. GPS, dróna, viðnámsmæla (e: resistivity meter), jarðsjá (e: ground penetrating radar) osfrv., en í sjó tvígeislamæla (e: side-scan sonar), fjölgeislamæla (e: multibeam echosounder) og segulsviðsmæla (e: magnetometer). Á landi er einnig gengið um könnunarsvæðin til nánari skoðunar á þeim stöðum sem fjarkönnun hefur gefið til kynna að fornleifar geti leynst en í sjó er köfunum og neðansjávarmyndavélum beitt í sama tilgangi.

Samkvæmt skilgreiningu þjóðminjalaga eru fornminjum skipt í forngripi og fornleifar og eru allar fornminjar eldir en 100 ára friðaðar. Að auki eru öll skip og bátar eldri en 1950 taldir til fornminja. Í þriðju grein þjóðminjalaganna segir:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Fornmínjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands (lög um menningarminjar, 80. 2012).

Áður en kemur að deiliskipulagi, aðalskipulagi eða ýmiskonar framkvæmdum er skipulags- og framkvæmdaraðilm skylt samkvæmt þjóðmínjalögum að láta fara fram skráningu fornleifa á tilvonandi framkvæmdarsvæði og á þetta við hvort sem það er í sjó eða á landi.

## Aðferðafræði

Fornleifaskráningunni var skipt í þrjá verkhluta, heimildakönnun, vettvangsvinnu og frágang og skýrsluskrif. Við heimildakönnun var farið yfir ritaðar heimildir sem geta gefið hugmynd um staðsetningu minjastaða, þ.e. jarðabækur, sýslu og sóknarlýsingar, byggðarsögurit, osfrv. Við vettvangsvinnu var farið á þá staði sem skráðir voru árið 2007 og einnig var gengið um tilvonandi virkjunarsvæði til að ganga úr skugga um að engar fornminjar leyndust á svæðinu. Punktur var mældur með GPS stöð á öllum minjastöðum og að auki voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp með GPS stöð. Við frágang var gögnunum hlaðið niður í tölvu og unnið með þá í landupplýsingakerfinu Arcgis. Unnin voru punkta- og flakaskrár eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands (tafla 1).

| ID | X      | Y      | Jörð   | Sérheiti             | HLUTVERK   | TEGUND    | Aldur frá | ALDUR_TIL | Nákvæmni | Ástand        | Hættumat    |
|----|--------|--------|--------|----------------------|------------|-----------|-----------|-----------|----------|---------------|-------------|
| 1  | 283926 | 585747 | Hvesta | Fremri Hvesta        | Bæjarstæði | Bæjarhóll | 900       | 1940      | 5 metrar | Horfin        | Engin Hætta |
| 2  | 283858 | 585741 | Hvesta | Álfkonusteinn        | Þjóðsaga   | Heimild   | 1700      | 1900      | 2 metrar | Stendur       | Engin Hætta |
| 3  | 283846 | 585729 | Hvesta | Fjósþúfur            | Fjós       | Útihús    | 1800      | 1900      | 5 metrar | Horfin        | Engin Hætta |
| 4  | 283803 | 585598 | Hvesta | Óþekkt               | Fjárhús    | Útihús    | 1800      | 1960      | 2 metrar | Stendur gróin | Engin Hætta |
| 5  | 284129 | 585802 | Hvesta | Stekkjarnhvolf       | Stekkur    | Rétt      | 1800      | 1900      | 2 metrar | Horfin        | Engin Hætta |
| 6  | 0      | 0      | Hvesta | Neðra Stekkjarnhvolf | Stekkur    | Rétt      | 1800      | 1900      | 2 metrar | Horfin        | Engin Hætta |
| 7  | 284826 | 586658 | Hvesta | Óþekkt               | Stekkur    | Rétt      | 1800      | 1900      | 2 metrar | Stendur gróin | Engin Hætta |
| 8  | 0      | 0      | Hvesta | Neðri Hvesta         | Bæjarstæði | Bæjarhóll | 900       | 1940      | 5 metrar | Horfin        | Engin Hætta |

Tafla 1. Skráðir minjastaðir í landi Fremri Hvestu.

## Skrá yfir minjastaði

### 14044 -Hvesta

Jarðarinnar Hvestu er ekki getið í fornritum en líklegt er að þar hafi hafist byggð snemma eins og í dölunum í kring. Hringisdalskumlið sem er staðsett í næsta dal norðan við Hvestudalinn og það bendir eindregið til byggðar á svæðinu fyrir kristintöku. Á 17. og 18. öld eru tveir bæir í Hvestudal, Fremri og Neðri Hvesta. Fremri Hvesta var talin 12 hundruð að dýrleika og Neðri Hvesta 36 hundruð (Á.M.. VII). Enn er stundaður búskapur á Fremri Hvestu og hafa öll tún verið sléttuð og miklar framkvæmdir hafa átt sér stað í dalnum.

Heimildarmaður fyrir skráninguna árið 2007 og 2019 var Jón Bjarnason bóndi í Fremri-Hvestu.

#### 14044-1

**Sérheiti:** Fremri Hvesta

**Hlutverk:** Bæjarstæði

**Tegund:** Bæjarhóll

**Staðsetning:** 585747N 283926E

**Staðhættir:** Hvestudalur liggur sunnan megin í Arnarfirði, rétt vestur af Bíldudal. Bæjarstæðið er innst í dalnum svo til fyrir miðju hans. “Af því við erum nú nálægt bænum tel ég rétt að taka strax örnefni í túninu í Fremri-Hvestu. Bærinn stendur á háum hól, sennilega lengst af staðið á svipuðum stað. Reisulegt timburhús stendur þar nú, eitt af þeim fyrstu er byggð voru í Ketildölum um aldamótin. Húsið er enn að mestu í fyrstu gerð sinni og reisin.” (Örnefnaskrá Hvestu)

**Lýsing:** Bæjarhóllin stóð á því svæði sem er rétt norðan við fjárhús og hlöðu. Bæjarstæðinu hefur öllu verið umturnað á 20. öld af byggingum og ekki sést til fornleifa. Bæjarhóllin hefur verið sléttaður út. (Eldra skráningarnúmer ÍS-14044-199:003).

**Hættumat:** Engin hætta.

#### 14044-2

**Sérheiti:** Álfkonusteinn

**Hlutverk:** Þjóðsaga

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** 585741N 283858E

**Staðhættir:** Sléttað tún. „Suðvestur frá bænum og nálægt þessum hól var þúfnapartur. Þarna voru Fjóspúfur. Þarna er nú land allt sléttað og ræktað. Þó er þar einn steinn, heitir Álfkonusteinn.” (Örnefnaskrá Fremri Hvestu). Nokkurn vegin í suðvestur frá gamla bæjarstæðinu, norðan við nýja íbúðarhúsið.

**Lýsing:** Steinninn stendur nokkurn vegin í suðvestur frá gamla bæjarstæðinu, norðan við nýja íbúðarhúsið (Eldra skráningarnúmer ÍS-14044-199:003) .

**Hættumat:** Engin hætta.

**14044-3**

**Sérheiti:** Fjóspúfur

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Fjós

**Staðsetning:** 585729N      283846E

**Staðhættir:** Sléttað tún. “Suðvestur frá bænum og nálægt þessum hól var þúfnapartur. Þarna voru Fjóspúfur. Þarna er nú land allt sléttað og ræktað. Þó er þar einn steinn, heitir Álfkonusteinn.” (Örnefnaskrá Fremri Hvestu).

**Lýsing:** Ekki sést til fornleifa. (Eldra skráningarnúmer ÍS-14044-199:004)

**Hættumat:** Engin hætta.

**14044-4**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Fjárhús/hlaða

**Staðsetning:** 585598N      283803E

**Staðhættir:** Suðvestan bæjarstæðisins er brött grasi gróin brekka. Ofarlega í henni eru rústir fjárhúss með áfastri hlöðu. Samkvæmt heimildamann voru fjárhúsin í notkun fram undir 1970.

**Lýsing:** Rústin er gróin, 15 x 13 metrar að stærð. Grjóthleðslur sjást greinilega bæði norðan og vestanmegin. (Eldra skráningarnúmer ÍS-14044-199:005).

**Hættumat:** Engin hætta.

**14044-5**

**Sérheiti:** Stekkjarhvolf

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Rétt

**Staðsetning:** 585802N      284129E

**Staðhættir:** “Þegar farið er niður hlíðina tekur við smáhvolf, nafn þess gefur bendingu um að í eina tíð hafi þar verið stekkur frá Fremri-Hvestu, Fremra-Stekkjahvolf.” (Örnefnaskrá Fremri Hvestu). Bæði Fremra og Neðra Stekkjarhvolf eru í hlíðinni austan megin dalsins.

**Lýsing:** Fremra Stekkjarhólf er í norðaustur átt frá gamla bæjarstæðinu, í u.þ.b. 300 metra fjarlægð. Ekki sést til neinna fornleifa (Eldra skráningarnúmer ÍS-14044-199:006).

**Hættumat:** Engin hætta.

**14044-6**

**Sérheiti:** Neðra Stekkjarhvolf

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Stekkur

**Staðsetning:**

**Staðhættir:** “Framar í hlíðardrögum er svo hvolf sem heitir Neðra-Stekkjahvolf. Flatlendið frá Neðra-Stekkjahvolfi, niður af hlíðinni, var kallað einu nafni Innriengjar.” (Örnefnaskrá Fremri Hvestu). Bæði Fremra og Neðra Stekkjarhvolf eru í hlíðinni austan megin dalsins.

**Lýsing:** Neðra Stekkjarhvolf er í norðustur frá Fremra Stekkjarhvolfi í u.þ.b. 300 metra fjarlægð. Ekki sést til fornleifa. Nákvæm staðsetning á Neðra Stekkjarhvolfi er óviss en hugsanlega er fornleif nr. 07 sé það sem hér um ræðir. (Eldra skráningarnúmer ÍS-14044-199:007).

**Hættumat:** Engin hætta.

**14044-7**

**Sérheiti:** Óþekkt

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** 586658N      284826E

**Staðhættir:** Þegar komið er að þeim stað þar sem þjóðvegurinn í dalnum kvíslast er lítil rúst rétt upp í hlíðinni, austan megin við þjóðveginn.

**Lýsing:** Rústin er 6 x 2 metrar að innanmáli og er vel gróin. Hleðslur sjást mjög ógreinilega og virðist hún vera opin að suðvestanverðu. Hugsanlega er þetta Neðra Stekkjarhvolf. (Eldra skráningarnúmer ÍS-14044-199:008)

**Hættumat:** Engin hætta.

**14044-8**

**Sérheiti:** Neðri Hvesta

**Hlutverk:** Bæjarstæði

**Tegund:** Bæjarhóll

**Staðsetning:**

**Staðhættir:** “Efribær og Neðribær. En þessi nöfn, Efribær og Neðribær er aðeins notaður af íbúum Hvestu. Fólki annarsstaðar greinir þá venjulega ekki í sundur, heldur kalla þá báða Neðri Hvestu.” (Örnefnaskrá Fremri Hvestu).

**Lýsing:** Neðri Hvesta stóð nálægt Fremri Hvestu og er nákvæm staðsetning óviss. Sléttað hefur verið yfir bæjarstæðið og ekki sést til fornleifa.

**Hættumat:** Engin hættu.


**Niðurstöður**

Miklar framkvæmdir hafa átt sér stað í Hvestudal á 20. öld og hefur nær allur dalbotninn frá bæjarstæðinu og niður að sjó verið sléttaður undir tún. Sömu leiðis hefur bæjarstæðinu sjálfu verið rutt til og öll ummerki um eldri byggð á bæjarstæðinu horfin.

Af þeim átta stöðum sem skráðir voru fundust aðeins fornminjar á tveimur (tafla 1), þ.e. rústir fjárhúss (14044-4) og stekkjar (14044) og var fjárhúsið síðast í notkun um 1970. Aðrir skráðir staðir voru horfnir vegna framkvæmda á 20. öld.

Engar heimildir fundust um fornminjar á fyrirhugðu framkvæmdarsvæði og vettvangsathugun leiddi í ljós að svæðinu hefur þegar verið töluvert raskað af ýmsum framkvæmdum á 20. öld og engar fornminjar sást í yfirborði. Mikilvægt er að benda á að þó svo að engar fornminjar hafi komið í ljós hvorki við heimildaathugun né vettvangskonun er alltaf möguleiki á að óþekktar fornminjar komi í ljós við framkvæmdir. Í því tilfelli er mikilvægt að haft verði strax samband við Minjastofnun Íslands.


## Kort



Mynd 1. Fyrirhugað virkjunarsvæði í landi Fremri Hvestu.



Mynd 2. Skráðir minjastaðir í landi Fremri-Hvestu.



Mynd 3. Fjárhús númer 14044-4.

## Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. VII. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1984.

*Diplomatarium Islandicum, Íslenzkt fornbréfasafn. 8. bindi. 1261-1521*. Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1906-13.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 9. bindi. 1262-1536*. Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1909-13.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 12. bindi. 1200-1554*. Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1923-32

J. Johnsen, *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn, 1847

*Sóknarlýsingar Vestfjarða. 2. Ísafjarðar- og Strandasýslur*. Samband vestfirzkra áttahagafélaga. Reykjavík, 1952.

### Óprentaðar Heimildir

Örnefnaskrá Fremri Hvestu.